

## AUGLÝSING

### um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Flokkaskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 12. útgáfu alþjóðlegu skrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum sem tók gildi 1. janúar 2023 og þær breytingar sem hafa átt sér stað frá þeim tíma. Til fyllingar áður nefndri flokkaskrá er jafnframt notast við sameiginlegan gagnagrunn vöru- og þjónustulýsinga frá Evrópsku hugverkastofunni, EUIPO, sem byggir á Nice-samningnum.

Flokkaskráin er uppfærð með rafrænum hætti um hver áramót.

#### 2. gr.

##### *Breytingar 1. janúar 2024.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á íslenskri þýðingu á yfirskriftum flokkaskrárinnar frá og með 1. janúar 2024.

- Orðið „hreinsun“ í flokki 3 fellur brott.
- Orðið „sinnep“ í flokki 30 fellur brott.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka og brottfall.*

Auglýsing þessi gildir frá og með 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja nr. 1550/2022.

*Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. nóvember 2023.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Ásdís Halla Bragadóttir.*

**Fylgiskjal.****Skrá um flokkun vöru og þjónustu.****I. Vörur.**

1. Efni til nota í iðnaði, við vísindastörf og ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; slökkvi- og eldvarnarefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til sútunar á dýraskinum og -húðum; lím- og bindiefni til nota í iðnaði; kítta og önnur fyllingarefni; molta, áburður, gróðuráburður; líffræðilegar efnablöndur til nota í iðnaði og vísindum.
2. Málning, gljókvoða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, litunarefni; blek til prentunar, merkingar og fyrir leturgröft; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft til nota við málun, skreytingar, prentun og listsköpun.
3. Ólyfjabættar feegrunar- og snyrtivörur; ólyfjabættar tannhirðuvörur; ilmvörur, ilmoliur; bleikiefni og önnur efni til að nota við fataþvott; efni til að nota við ræstingu, fægingu og slípun.
4. Olíur og feiti til iðnaðar, vax; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni og ljósmeti; kerti og kveikir til lýsingar.
5. Lyf og lyfjablöndur til lækninga fyrir menn og dýr; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sóttþreinsiefni; efni til að eyða meindýrum; sveppaeyðir, illgresiseyðir.
6. Ódýrir málmur og blöndur úr þeim, málmgrýti; byggingar- og smíðaeefni úr málm; færanlegar byggingar úr málm; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; smáhlutir úr málm; málmílát til geymslu eða flutninga; öryggisskápur.
7. Vélar, smíðavélar, orkuknúnar vélar; hreyflar og vélar, þó ekki í landfarartæki; vélatengsli og drifbúnaður, þó ekki í landfarartæki; landbúnaðarvélar, aðrar en handknúin handverkfæri; klakvélar (útungunarvélar); sjálfsalar.
8. Handverkfæri og handknúin tól; hnífapör; beltisvopn, þó ekki skotvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki til notkunar við vísindi, rannsóknir, leiðsögu, landmælingar, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar, hljóð- og myndmiðlun, ljósfræði, vigtun, mælingar, merkjasendingar, greiningar, prófanir, eftirlit, björgun og kennslu; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna dreifingu eða notkun á rafmagni; búnaður og tæki til að taka upp, miðla, afrita eða vinna hljóð, myndefni eða gögn; upptekið og niðurhalanlegt efni, tölvuhugbúnaður, auðir, stafrænir eða hliðrænir gagnamiðlar til upptöku og geymslu; vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar, reiknivélar; tölvur og tölvuþartæki; köfunarbúningar, köfunargrímur, eyrnatappar fyrir kafara, nefklemmur fyrir kafara og sundfólk, hanskar fyrir kafara, öndunarbúnaður fyrir kafsund; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár; lækninga- og hjálpartæki ætluð fötluðum einstaklingum; nuddtæki; búnaður, tæki og hlutir til umönnunar ungbarna; búnaður, tæki og hlutir til kynlífsathafna.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, kælingu, gufuframleiðslu, matseld, þurrkun, loftræstingu, vatnsveitu og hreinlæti.
12. Farartæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmur og blöndur úr þeim; skartgripir, eðalsteinar og hálfedalsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri; nótnastatíf og hljóðfærastandar; tónsprotar fyrir hljómsveitarstjóra.
16. Pappír og pappi; prentað mál; bókbandsfni; ljósmyndir; ritföng og skrifstofuvörur, þó ekki húsgögn; bréflím og lím til heimilisnota; teiknivörur og vörur fyrir listamenn; málningarpenslar; fræðslu- og kennslugögn; plastþynnur, -filmur og -pokar til umbúða og þökkunar; leturstafir, myndmót.

17. Óunnið og hálfunnið gúmmi, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyn og efni sem komið geta í staðinn fyrir þau; hálfunnið þanið plast og kvoða til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur, rör og slöngur sem ekki eru úr málm.
18. Leður og leðurlíki; skinn og húðir dýra; farangurs- og handtöskur; regnhlífar og sóhlífar; göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi; hálsólar, taumar og fatnaður fyrir dýr.
19. Efniviður, ekki úr málm, til bygginga og mannvirkjagerðar; ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málm; asfalt, bik, tjara og malbik; færanlegar byggingar, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; ílát, ekki úr málm, til geymslu eða flutninga; óunnin eða hálfunnin bein, horn, hvalabein eða perlumóðir; skeljar; sæfrauð; raf.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát; eldhús- og borðbúnaður, nema gafflar, hnífar og skeiðar; greiður og svampar; burstar, nema málningarpenslar; efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; óunnið eða hálfunnið gler, þó ekki gler í byggingar; glervörur, postulín og leirvörur.
22. Kaðlar og seglgarn; net; tjöld og yfirbreiðslur; ofnir segldúkar eða úr gerviefnum; segl; sekkir til flutninga og geymslu efna í lausri vigt; bólstrunar-, fylliefni og tróð, nema úr pappír, pappa, gúmmi eða plasti; óunnin efni úr þræði til vefnaðar og efni sem komið geta í stað þeirra.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og efni sem komið geta í staðinn fyrir vefnað; lín til heimilisnota; ofin gluggatjöld eða úr plasti.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur, fléttuborðar og útsaumur og ofnir borðar og slaufur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, þrjár og nálur; gerviblóm; hárskraut; gervihár.
27. Teppi, mottur, gólfúkar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðningar, ekki ofnar.
28. Leikspil, leikföng og hlutir til leikja; skjáleikjabúnaður; leikfimi- og íþróttavörur; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -grautar; egg; mjólk, ostur, smjör, jógúrt og aðrar mjólkurafurðir; olíur og feiti til matar.
30. Kaffi, te, kakó og vörur sem komið geta í stað þeirra; hrísgrjón, pasta og núðlur; tapiókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; súkkulaði; ís, frauðis og annar ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, kryddblöndur, krydd, rotvarðar jurtir; edik, sósur og aðrir bragðbætar; ís (frosið vatn).
31. Hráar og óunnar landbúnaðar-, lagareldis-, garðræktar- og skógræktarafurðir; hrátt og óunnið korn og fræ; ferskir ávextir og grænmeti; ferskar kryddjurtir; lifandi plöntur og blóm; blómlaukar, kímplöntur og fræ til gróðursetningar; lifandi dýr; dýrafóður og drykkjavörur ætlaðar dýrum; malt.
32. Bjór; óáfengir drykkir; ölkelduvatn, gosdrykkir; ávaxtdrykkir og ávaxtasafar; þykkni og önnur efni til gerðar óáfengra drykkja.
33. Áfengir drykkir nema bjór; áfeng efni til drykkjagerðar.
34. Tóbak og tóbakslíki; sígarettur og vindlar; rafrettur (veipur) og innúðataki fyrir reykingafólk; hlutir fyrir reykingafólk; eldspýtur.

## II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur, skipulagning og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Fjármála-, gjaldmiðla- og bankaþjónusta; tryggingastarfsemi; fasteignaþjónusta.
37. Mannvirkjagerð; uppsetninga- og viðgerðarþjónusta; námuvinnsla, olíu og gasborun.
38. Fjarskiptaþjónusta.
39. Flutningar; þökkun og geymsla vöru; ferðarþjónusta.
40. Meðferð efna; endurvinnsla úrgangs og sorps; loftreinsun og meðhöndlun vatns; prentþjónusta; varðveisla matar og drykkjar.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþróttar- og menningarstarfsemi.
42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar-, greiningar- og hönnunarþjónusta á sviði iðnaðar; gæðaeftirlit og sannvottunarþjónusta; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar.

43. Veitingaþjónusta; tímabundin gistiþjónusta.
44. Læknisþjónusta; dýralæknisþjónusta; fegrunar- og snyrtiþjónusta fyrir menn eða dýr; þjónusta við landbúnað, lagareldi, garðyrkju og skógrækt.
45. Lögfræðiþjónusta; persónuleg öryggisþjónusta til verndar áþreifanlegum eignum og einstaklingum; stefnumótanþjónusta; samfélagsmiðlaþjónusta á internetinu; útfararþjónusta; barnagæsla.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. desember 2023